

## TILMÆLI RÁÐSINS

2002/EES/37/20

frá 24. september 1998

## að því er varðar samvinnu í Evrópu um að tryggja gæði æðri menntunar(\*)

(98/561/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 126. og 127. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmið allra aðildarríkja er að halda uppi góðri menntun og starfsmenntun. Þess er farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún stuðli að viðleitni aðildarríkjana til samvinnu með því að efla hana og, ef nauðskyn krefur, með því að styðja og auka við aðgerðir þeirra en virða um leið að fullu ábyrgð þeirra á kennsluferni og mennta- og starfsmenntakerfum og einnig fjölbreytni tungumála og menningar.
- 2) Í niðurstöðum sínum frá 25. nóvember 1991 <sup>(4)</sup> lýsti ráðið því yfir að það væri sameiginlegt verkefni allra aðildarríkjana og allra menntastofnana sem sinna æðri menntun í Evrópubandalaginu að auka gæði hennar. Í ljósi þess hve margvíslegum aðferðum er beitt á innlendum vettvangi er hægt að auka við þá reynslu sem þar hefur fengist með evrópskri reynslu, einkum með því að koma á fót tilraunaverkefnum sem miða að því að koma á samvinnu á þessu sviði eða efla þá samvinnu sem fyrir er.
- 3) Í svörum við greinargerð framkvæmdastjórnarinnar um æðri menntun er m.a. lögð áhersla á að tryggja beri gæði á öllum stigum og í öllum greinum og að munur á milli stofnana skuli takmarkast við markmið,

aðferðir og eftirspurn eftir menntun. Almennur stuðningur er við það að taka upp skilvirkar og ásættanlegar aðferðir við gæðatryggingu þar sem tekið er tillit til evrópskrar og alþjóðlegrar reynslu og möguleika á samvinnu.

- 4) Athugun framkvæmdastjórnarinnar á stöðu gæðatryggingamála í aðildarríkjunum leiddi í ljós að ýmislegt var sameiginlegt með nýju gæðatryggingakerfunum. Tilraunaverkefni tvö, sem voru unnin í framhaldi af því, voru grundvöllur á þessum undirstöðuþáttum í innlendum kerfum sem fyrir voru. Í tilraunaverkefnunum var prófuð sameiginleg aðferð með góðum árangri og í ljós kom að þeir sem starfa á þessu sviði vilja mjög gjarnan skiptast á reynslu, sem leiðir í ljós fjölbreytni innlendra matsaðferða og einnig mikilvægi gæðatrygginga almennt.
- 5) Vegna þess hve fjölbreytileg menntakerfin í bandalaginu eru nær skilgreining hugtaksins „æðri menntastofnun“, sem tilmælin eiga við um, til allra tegunda af stofnunum sem veita menntun og hæfi eða námsgráður á þessu stigi menntunar án tillits til þess hvernig þeim er lýst í aðildarríkjunum. Þessi skilgreining er notuð í ákvörðuninni um að koma á fót Sókrates-áætluninni.
- 6) Æðri menntastofnanir verða að uppfylla nýjar menntunarlegar og félagslegar kröfur sem verða gerðar í „þekkingarsamfélagi“ á heimsvísu og takast á við þær breytingar sem fylgja í kjölfarið. Þær munu því leitast við að bæta nauðsynlega eiginleika þjónustunnar, sem þær veita, með því að þróa, þegar við á, ný framtaksverkefni (á einstaklings- eða samstarfsgrundvelli í samtökum á sviði æðri menntunar) sem miða að því að auka gæði kennslu og náms.
- 7) Tæknilegar og efnahagslegar breytingar og afleiðingar þeirra fyrir vinnumarkaðinn fela í sér ný og krefjandi verkefni fyrir æðri menntastofnanir. Í ljósi þess að hnattræn samkeppni krefst þess, og einnig vegna síaukens streymis námsmanna til æðri menntastofnana, standa aðildarríkin frammi fyrir því verkefni að

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútíð. EB L 270, 7.10.1998, bls. 56, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 13, 7.3.2002, bls. 27.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB C 19, 21. 1. 1998, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB C 64, 27. 2. 1998, bls. 63.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 1997 (Stjútíð. EB C 371, 8. 12. 1997, bls. 33). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. febrúar 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 28. maí 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB C 321, 12. 12. 1991, bls. 2.

- skipuleggja menntakerfi sín fyrir æðri menntun og tengsl þeirra við ríki og samfélag á þann hátt að akademískir mælikvarðar, menntunarmarkmið, gæðamælikvarðar, sjálfsforræði og/eða sjálfstæði æðri menntastofnana haldist — með tilliti til uppbyggingar skólastarfs í viðkomandi aðildarríki, — ásamt þörfinni á að vera ábyrg gagnvart almenningi og upplýsa hann.
- 8) Umræður um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 13. febrúar 1994 hafa leitt í ljós að gæðatryggingakerfi gætu stuðlað að gagnkvæmri viðurkenningu á bóklegri og faglegru menntun og hæfi á vettvangi bandalagsins.
- 9) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar „Vöxtur, samkeppnishæfni og atvinna“, hvítbókinni „Kennsla og nám: leiðin til þekkingarsamfélagsins“ og grænbókinni „Menntun, starfsmenntun, rannsóknir – hindranir á hreyfanleika milli landa“ er bent á það hve mikilvæg hágæðamenntun er fyrir atvinnu og vöxt í bandalaginu og fyrir samkeppnishæfni þess á heimsvísu. Í þessum skjölum er varpað ljósi á tengslin milli félagslegra og menningarlegra þátta menntunar og starfsmenntunar annars vegar og efnahagslegra þátta þeirra hins vegar og þar með á hinar ýmsu hliðar hugtaksins gæði. Skýrt kemur fram að vegna hreyfanleika milli landa er nauðsynlegt að menntakerfi séu gagnsæ.
- 10) Eitt af markmiðunum með samstarfi innan bandalagsins á sviði menntunar og starfsmenntunar er að hvetja til hreyfanleika. Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar „Menntun, starfsmenntun, rannsóknir – hindranir á hreyfanleika milli landa“ er fjallað um helstu hindranir að því er varðar lög, stjórnsýslu og framkvæmdaratriði, sem verða á vegi þeirra námsmanna sem hafa hug á að stunda nám í öðru aðildarríki, lagðar til ráðstafanir til að auka hreyfanleika og lögð áhersla á að þessi tegund hreyfanleika komi æðri menntun til góða og geti gert einstaklingum kleift að taka þátt í samkeppni á alþjóðavettvangi og nýta sér frjálsta för innan bandalagsins.
- 11) Stærð, uppbygging og fjármögnun menntakerfa fyrir æðri menntun er mismunandi milli aðildarríkja og haldið verður áfram að þróa markmið þeirra. Í sumum aðildarríkjum ná menntakerfi fyrir æðri menntun til háskóla og annarra æðri menntastofnana sem oft sinna starfsmenntun. Hvert aðildarríki skilgreinir hugtakið „umfang og aðferðir gæðatryggingar“ og það verður áfram sveigjanlegt og hægt að laga það að breyttum aðstæðum og/eða uppbyggingu.
- 12) Aðildarríkin bera sjálf ábyrgð á skipulagi menntakerfa sinna fyrir æðri menntun, uppbyggingu þeirra og fjárhagsramma og sjálfsforræði og/eða sjálfstæði æðri menntastofnana með tilliti til uppbyggingar í hverju aðildarríki.
- I. MÆLIR MED ÞVÍ HÉR MED að aðildarríkin:
- A. styðji og, ef nauðsyn krefur, komi á fót gagnsæjum gæðatryggingakerfum með eftirfarandi markmiðum:
- að standa vörð um gæði æðri menntunar eftir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum aðstæðum í löndum sínum og taka um leið tilhlýðilegt tillit til Evrópuþáttarins og hinna öru breytinga í heiminum,
- að hvetja og aðstoða æðri menntastofnanir við að beita víðeigandi ráðstöfunum, einkum gæðatryggingu, til að auka gæði kennslu og náms og einnig þjálfunar í rannsóknum, sem er annar mikilvægur þáttur í því hlutverki sem þær gegna,
- að örva gagnkvæm upplýsingaskipti um gæði og gæðatryggingu á vettvangi bandalagsins og á heimsvísu og hvetja til samvinnu milli æðri menntastofnana á þessu sviði;
- B. að byggja gæðatryggingakerfi á eftirfarandi atriðum eins og lýst er í viðaukanum:
- sjálfsforræði og/eða sjálfstæði aðilanna sem sjá um gæðatryggingu að því er varðar val á málsmeðferð og aðferðum, með tilliti til skipulags í hverju aðildarríki,
- aðlögun málsmeðferðar við gæðatryggingu og aðferðir að því er varðar einkenni og markmið æðri menntastofnana en virða um leið sjálfsforræði og/eða sjálfstæði þeirra með tilliti til skipulags í hverju aðildarríki,
- markvissri notkun á innri og/eða ytri þáttum gæðatryggingar sem er löguð að málsmeðferð og aðferðum sem eru notaðar,
- þátttaka hinna ýmsu hlutaðeigandi aðila eftir því hver tilgangurinn með gæðatryggingu er,
- birting gæðatryggingar í því formi sem hentar best fyrir hvert aðildarríki;
- C. ef nauðsyn krefur, hvetja æðri menntastofnanir, í samvinnu við þar til bærar stofnanir í aðildarríkjunum, til að standa að víðeigandi framhalds- aðgerðum;

- D. skora á lögbær yfirvöld og æðri menntastofnanir að leggja sérstaka rækt við það, í tengslum við gæðatryggingu, að skiptast á reynslu og eiga samvinnu við önnur aðildarríki og einnig við alþjóðasamtök og félög sem starfa á sviði æðri menntunar;
- E. að efla samvinnu á milli yfirvalda sem eru ábyrg fyrir gæðamati eða gæðatryggingu í æðri menntun og að efla tengslamyndun.
- Þessi samvinna skal ná að einhverju eða öllu leyti yfir eftirfarandi svið:
- a) að hvetja til og koma því á að skiptast á upplýsingum og reynslu, einkum að því er varðar þróun aðferða og dæmi um góðar starfsvenjur;
- b) að verða við beiðnum um sérfræðiaðstoð og ráðgjöf frá viðkomandi yfirvöldum í aðildarríkjunum;
- c) að styðja æðri menntastofnanir sem vilja taka þátt í samstarfi um gæðatryggingar milli landa;
- d) að efla tengslin við alþjóðlega sérfræðinga.

Þegar leitast er við að ná þessum markmiðum skal taka tillit til tengslanna á milli gæðatryggingar og annarrar starfsemi bandalagsins, einkum innan ramma Sókrates- og Leonardo da Vinci-áætlananna og einnig til réttarreglna bandalagsins á sviði viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi.

## II. MÆLIR MEÐ ÞVÍ HÉR MEÐ

að framkvæmdastjórnin hvetji, í nánú samstarfi við aðildarríkin og á grundvelli fyrirliggjandi áætlananna og samkvæmt markmiðum þeirra og venjulegri opinni og gagnsæri málsmeðferð, til samvinnunnar, sem um getur í lið I. E., milli yfirvaldanna sem bera ábyrgð á gæðamati og gæðatryggingu í æðri menntun og einnig til samvinnu við samtök og félög æðri menntastofnana á evrópsku valdsviði sem hafa nauðsynlega reynslu í gæðamati og gæðatryggingu.

## III. FER HÉR MEÐ FRAM Á

að framkvæmdastjórnin leggi, á þriggja ára fresti, skýrslur fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina um framfarir í þróun gæðamatskerfa í hinum ýmsu aðildarríkjunum og um samvinnu á vettvangi bandalagsins, þar á meðal framfarir sem orðið hafa að því er varðar markmiðin sem getið er hér að framan.

Gjört í Brussel 24. september 1998.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. FARNLEITNER

*forseti.*

## VIÐAUKI

**Leiðbeinandi þættir í gæðamati**

Fyrirliggjandi evrópsk gæðamatskerfi hafa eftirfarandi þætti sameiginlega. Evrópsk tilraunaverkefni, þar sem metin eru gæði æðri menntunar, hafa sýnt að allir hlutaðeigandi aðilar á þessu sviði geta haft gagn af því að skoða þessa þætti.

Líklegt er að sjálfsforræði og/eða sjálfstæði aðilanna, sem sjá um gæðatryggingu, (að því er varðar val á málsmeðferð og aðferðum) með tilliti til skipulags í hverju aðildarríki, stuðli að skilvirkni málsmeðferðar við gæðamat og tiltrú á niðurstöðum matsins.

Viðmiðanir fyrir gæðatryggingu eru nátengdar þeim markmiðum sem hafa verið sett fyrir hverja menntastofnun í tengslum við þarfir samfélagsins og vinnumarkaðarins. Málsmeðferð við gæðamat verður því að vera mismunandi allt eftir sérstöðu stofnunarinnar. Þekking á markmiðum stofnunarinnar, hvort heldur um er að ræða stofnunina í heild, deild eða einstaka einingu, er mikilvæg í þessu sambandi.

Málsmeðferð við gæðamat skal almennt samanstanda af innri, sjálfskoðandi þætti og ytri þætti sem er byggður á mati utanaðkomandi sérfræðinga.

Innri sjálfskoðunarþátturinn skal miða að því að ná til allra sem starfa að þessum málum, einkum kennara og, ef við á, þeirra stjórnenda sem hafa með höndum námsráðgjöf og faglega leiðsögn og einnig til námsfólks. Ytri þátturinn skal fela í sér ferli samvinnu, samráðs og ráðgjafar milli óháðra, utanaðkomandi sérfræðinga og þeirra sem starfa innan stofnunarinnar.

Í ljósi markmiðanna og viðmiðananna, sem eru notaðar í málsmeðferð við gæðamat, og með tilvísun til uppbyggingar æðri menntunar í aðildarríkjunum, má telja fagfélög, aðila vinnumarkaðarins og fyrrverandi nemendur með í sérfræðingahópum.

Æskilegt er að erlendis sérfræðingar taki þátt í málsmeðferðinni til að hvetja til þess að reynslu, sem fengist hefur í öðrum löndum, sé miðlað.

Birta skal skýrslur um málsmeðferð við gæðatryggingu og niðurstöður þeirra á þann hátt sem er heppilegast þykir í hverju aðildarríki og í þeim skal vera forði af góðu viðmiðunarefni fyrir þá sem eiga hlut að máli og almenning.

---